

REGLUGERÐ

121

28. marz

um breytingu á reglugerð nr. 211 28. des. 1953, um frjálsan innflutning og gjaldeyrissölu.

1. gr.

Úr tollskrárn. 52/28—30 í A-lið 1. gr. reglugerðarinnar falli umbúðapokar úr jútu, og skal innflutningur þeirra aðeins fara fram samkvæmt gjaldeyris- og innflutningsleyfum Innflutningsskrifstofunnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 88 24. desember 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 28. marz 1956.

Ingólfur Jónsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

GJALDSKRÁ

122

28. marz

um greiðslur fyrir aukaverk presta.

1. gr.

Aukaverk sóknarpresta eru hin sömu, er tíðkæzt hafa samkvæmt fyrirmælum laga og venjum þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum greiðsla eins og hér segir:

1. Fyrir skráningu nafns barns í ministerialbók	kr.	25.00
2. — fermingu ásamt undirbúningi	—	100.00
3. — hjónavígslu	—	75.00
4. — greftrun	—	50.00
5. — endurskoðun kirkjureiknings	—	10.00
6. — vottorð, er prestur gefur í embættisnafni	—	5.00

Á fjárhæðir þessar skal greiða sömu verðlagsuppbót (vísitölu) og ríkið greiðir á laun starfsmanna sinna.

Prestur lætur ókeypis í té vottorð vegna meðlagsgreiðslu barna, vottorð um fjárhag fátækra manna og vottorð gefin samkvæmt beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnarvalda. Enn fremur er presti skylt að gefa ókeypis vottorð hlutaðeigendum um skírnir og hjónavígslur, er hann framkvæmir, enda sé þeirra vitjað til hans eigi síðar en viku eftir að athöfnin fór fram.

3. gr.

Nú flytur prestur, samkvæmt beiðni, ræðu við hjónavígslu eða jarðarför, og ber honum þá sérstök greiðsla fyrir það eftir ástæðum hlutaðeigenda, eins og tíðkæzt hefur.

122

28. marz

Sá skal greiða, er verk er unnið fyrir. Sveitarstjórn greiðir fyrir styrkþega.

4. gr.

5. gr.
Skýlt er að veita presti fylgd honum að kostnaðarlausu, þegar hans er vitjað til aukaverka, svo og að greiða fararkostnað hans, ef nota þarf bát eða bifreið.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 1931 og gildir frá 1. marz 1956 til 31. desember 1966, birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Verði breyting gerð á þessu tímabili á launum presta eða gildandi vísitölu-grundvelli raskað verulega, skal gjaldskráin endurskoðuð.

Í kirkjumálaráðuneytinu, 28. marz 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

123

22. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Barnaheimilissjóð frú Helgu Ólafsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. marz 1956. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir barnaheimilissjóð frú Helgu Ólafsdóttur.

Árið 1955, hinn 6. júní, heimsótti stúkan Dröfn nr. 55 barnaheimilið að Skálátúni í Mosfellssveit, og við það tækifæri lagði umboðsmaður stúkunnar, Þorsteinn Þorsteinsson, fram 15000 — fimmtán þúsund — krónur í peningum og verðbréfum undir nafni látinnar konu sinnar, frú Helgu Ólafsdóttur, f. 20. ágúst 1873, d. 28. apríl 1943. Skyldi fjárhæð þessi vera byrjun til sjóðstofnunar fyrir dvalarbörn heimilisins, en síðar var samín eftirfarandi skipulagsskrá fyrir sjóðinn:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Barnaheimilissjóður frú Helgu Ólafsdóttur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita börnum Skálátúnsheimilisins glaðning einu sinni á ári eða oftár, eftir því sem hagur og efni sjóðsins leyfa.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól, svo og gjafir og áheit og hvers konar tekjuöflun önnur, sem gerð er til ágóða fyrir hann. Tekjurnar leggjast við höfuðstólinn jafnskjótt og þær til falla.

4. gr.

Tekjur sjóðsins skal ávaxta í peningastofnun með ríkisábyrgð eða í vel tryggðum skuldabréfum, að dómi sjóðstjórnarinnar.